Frjómælingar á Akureyri og í Garðabæ í júní 2014

Fréttatilkynning frá Náttúrufræðistofnun Íslands, 11. júlí 2014.

Akureyri. Heildarfjöldi frjókorna í júnímánuði reyndist 874 sem er yfir meðaltali (meðaltalið er 671 frjó í rúmmetra lofts). Mest var um grasfrjó en fjöldi þeirra varð mestur 42 frjó/m^3 þann 24. júní (sjá myndrit). Heildarfjöldi grasfrjóa varð 325 og hafa aldrei mælst fleiri grasfrjó í júní. Áður mældist heildarfjöldi grasfrjóa mestur 106 í júní fyrir 10 árum síðan, árið 2004. Nokkuð var um birkifrjó í byrjun júní og stóð frjótíminn fram í miðjan mánuðinn. Heildarfjöldi birkifrjóa varð 129 sem er talsvert undir meðallagi en hámark birkifrjóa varð í lok maí að þessu sinni. Þrátt fyrir að einstaka birkifrjó séu enn að mælast telst frjótíma birkis lokið. Súrufrjó mældust óvenju mörg eða 58 sem er vel yfir meðallagi (12 frjó/m^3). Af öðrum frjókornum þá varð heildarfjöldi furufrjóa 64, frjó stara 59 og frjó sveipjurta 32.



Myndritið sýnir birkifrjó, grasfrjó, súrufrjó og heildarfrjótölu (línan) frá 1. júní til 30. júní. Hæsta varð frjótala grasa 42 frjó/m^3 þann 24. júní. **Frjótala** er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofts viðkomandi sólarhring.

Garðabær. Heildarfjöldi frjókorna í júní reyndist 1316 frjó í rúmmetra lofts. Grasfrjó voru algengust, 1037, en frjótala þeirra fór þrisvar sinnum yfir 100. Hæst mældist hún 221 frjó/m^3 þann 11. júní (sjá myndrit). Grasfrjó mældust alla daga mánaðarins að undanskildum 1. júní. Óvenju lítið mældist af birkifrjóum í júní eða 25 frjó/m^3 en í maí var einnig fremur lítið um þau eða 96 frjó/m^3. Birkið virðist því ekki hafa náð sér á strik við dreifingu frjókorna í ár og er frjótímanum lokið. Súrufrjó fóru að mælast í byrjun mánaðarins og fór frjótalan hæst í 4 frjó/m^3 þann 7. júní en frjótala súru mælist alla jafna fremur lág. Heildarfjöldi súrufrjóa varð 31. Aðrar frjógerðir sem voru á ferðinni í júní voru frjó af rósaætt 38, furu 46 og stara 25 en frjótala þessara hópa var yfirleitt fremur lág.



Myndritið sýnir birkifrjó, grasfrjó, súrufrjó og heildarfrjótölu frá 1. júní til 30. júní. Frjótala grasa fór í 221 þann 11. júní. **Frjótala** er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofts viðkomandi sólarhring.

Framundan er frjótími grasa og súru. Þrátt fyrir stóran topp í fjölda grasfrjóa í Garðabæ í júní er frjótíma grasa hvergi nærri lokið en búast má við að hann geti jafnvel staðið fram í lok ágúst.

Frjótölur birtast á síðu 193 í Textavarpinu. Einnig birtast frjótölur fyrir gras (http://www.ni.is/media/frjomaelingar/heima_gras2014.htm) á vef NÍ, um leið og frjótölur liggja fyrir. Að lokum viljum við minna á nýjung á forsíðu vefs NÍ, en þar má finna frjódagatal sem gefur til kynna hver áhættan sé á ofnæmisviðbrögðum.

Vinsamlega hafið samband við undirritaða ef óskað er frekari upplýsinga.

Akureyri 11. júlí 2014

Lára Guðmundsdóttir

Netfang lara@ni.is
www.ni.is